

Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 12. október 2009
Tilvísun: UST20090900096/bs

Breyting á Hófaskarðsleið Norðausturvegar um Borgarás við Klapparós. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 21. september 2009 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingar á Hófaskarðsleið um Borgarás, veglínu 174. Fyrirhugðu veglína 174 mun liggja um Borgarás í um 12 metra djúpri skeringu beggja megin vegar.

Umhverfisstofnun óskaði eftir að Vegagerðin kannaði hvort unnt væri að færa veglínu um Borgarás það langt til norðurs þannig að skering í Borgarás yrði að mestu hliðarskering til norðurs samfara og draga með því móti úr sjónrænum áhrifum framkvæmdarinnar.

Svar barst frá Vegagerðinni með tölvubréfi dags. 8. október 2009, en þar segir m.a.: "Okkur líst vel á það hvernig vegurinn (veglína 175) fer í gegnum Borgarásinn á þessum stað, skarðið í gegnum ásinn verður miklu minna áberandi séð frá austri og vestri. Háa skeringin sunnan við veginn mun þó sjást meira frá núverandi vegi....Þar sem hún er hæst mun "hóllinn" norðan við veglínu 175 þó skyggja á og draga úr sjónrænum áhrifum."

Ráðgert er að hanna hliðarskeringu þannig að til falli um 20.000 m³ af umframefni.


Umhverfisstofnun telur að ummerki um þessa efnistöku verði óveruleg ef vel er staðið að hönnun og mótun skeringarinnar.

Hvorug þeirra veglína sem hér um ræðir mun spilla lindum við Klapparós. Fyllingar munu ekki ná út í Klapparós. Báðar veglínur liggja neðan við klettinn Kastala. Helsti munur þeirra felst í sjónrænum áhrifum vegna skeringa í Borgarási. Að mati Umhverfisstofnunar mun veglína 174 hafa talsverð neikvæð sjónræn áhrif í för með sér vegna djúpra skeringa í Ásinn þar sem hann er einna hæstur. Lína 175 mun hafa minni sjónræn áhrif í för með sér sem ræðst að nokkru leyti af því hversu til tekst við hönnun og mótun skeringar.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að veglínur 174 og 175 um Borgarás við Klapparós muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt


Björn Stefnisson


Olafur A. Jónsson
Deildarstjóri